


# Upplýsingar fyrir sjúklinga sem fá meðferð með Eylea

## EYLEA®

(aflibercept 40 mg/ml og 114,3 mg/ml stungulyf, lausn.)

Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað/dreift til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.





## Leiðbeiningar um Eylea

Læknirinn hefur ávísað Eylea handa þér vegna þess að þú hefur greinst með aldurstengda (vota) sjónudepilsrýrnun (vota AMD), sjónskerðingu vegna sjónudepilsbjúgs sem fylgikvilla lokunar í bláæð í sjónu (í meginbláæð (CRVO) eða bláæðargrein (BRVO)), sjónskerðingu vegna sjónudepilsbjúgs af völdum sykursýki (DME) eða sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu í tengslum við nærsýni (CNV í tengslum við nærsýni). Þetta eru sjúkdómar sem gera þér erfiðara um vik að sjá skýrt. Meðferð á borð við Eylea getur hjálpað til við að koma í veg fyrir að sjónin haldi áfram að versna og getur bætt úr sumum þeirra einkenna sem þú gætir fundið fyrir.

Þessi bæklingur er ætlaður einstaklingum sem hefur verið ávísað Eylea (aflibercept stungulyf). Rannsóknir hafa verið gerðar á notkun 2 mg skammta og 8 mg skammta af Eylea við aldurstengdri (votri) sjónudepilsrýrnun (wAMD) og sjónskerðingu vegna sjónudepilsbjúgs af völdum sykursýki (DME). Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á notkun 8 mg skammta af Eylea við sjónskerðingu vegna sjónudepilsbjúgs sem fylgikvilla lokunar í bláæð í sjónu (í meginbláæð (CRVO) eða bláæðargrein (BRVO)) eða nýæðamyndunar í æðu í tengslum við nærsýni (mCNV).

Læknirinn gæti gefið þér annað hvort 2 mg skammt eða 8 mg skammt af Eylea, eftir því hvert ástand þitt er. Ef þér verður gefinn 2 mg skammtur af Eylea mun læknirinn nota Eylea 40 mg/ml lausn. Ef þér verður gefinn 8 mg skammtur af Eylea mun læknirinn nota Eylea 114,3 mg/ml lausn.

Þú getur lesið bæklinginn eða hlustað á hann. Á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is) finnur þú hljóðskrá með upplestri á öllu því sem er í bæklingnum. Leita skal að Eylea á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Hljóðskráin með upplestrinum er undir kaflanum Öryggis- og fræðsluefni.

Bæklingnum og hljóðskránni er ætlað að svara spurningum sem kunna að vakna hjá þér, svo þú getir haft fullt gagn af meðferðinni.

Auk þessa bæklingis er nauðsynlegt að lesa fylgiseðilinn fyrir lyfið, en þar er að finna nánari upplýsingar um lyfið, meðferðina og mögulegar aukaverkanir. Fylgiseðilinn má finna á vefnum, [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Þú getur fyllt út (eða beðið lækinn að fylla út) reitina hér fyrir neðan með upplýsingum um hvern eigi að hafa samband við varðandi meðferð þína með Eylea.

Meðferðarstofnun:

Læknir:

Sími:

Heimilisfang:

Netfang læknis:

## Áður en meðferð hefst

Áður en meðferð með Eylea er hafin skaltu láta lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita ef þú:

- Ert með sýkingu í eða við auga
- Ert með roða eða verk í auga
- Heldur að þú getir verið með ofnæmi fyrir joði, verkjalyfjum eða einhverjum af innihaldsefnum Eylea
- Hefur sögu um vandamál vegna inndælingar í auga
- Ert með gláku eða sögu um háan augnþrýsting
- Sérð eða hefur séð ljósblossa eða grugg í sjónsviðinu
- Notar einhver lyf, lyfseðilsskyld eða önnur án lyfseðils
- Hefur gengist undir eða þarft að gangast undir skurðaðgerð á auga innan 4 vikna fyrir eða eftir meðferð með Eylea.

- Ert þunguð, áætlað að verða þunguð eða ert með barn á brjósti. Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir um öryggi við notkun Eylea á meðgöngu. Ekki á að nota Eylea 2 mg eða 8 mg á meðgöngu nema ávinningur vegi þyngra en áhætta fyrir fóstrið. Þú skalt ræða þetta við lækinn þinn áður en meðferð með Eylea hefst. Konur á barneignaraldri verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð þeirra með Eylea stendur. Ef þú færð meðferð með Eylea 2 mg skammti þarft þú að halda áfram að nota örugga getnaðarvörn í a.m.k. þrjá mánuði eftir síðustu inndælingu Eylea. Ef þú færð meðferð með Eylea 8 mg skammti þarft þú að halda áfram að nota örugga getnaðarvörn í a.m.k. fjóra mánuði eftir síðustu inndælingu Eylea. Lítið magn af Eylea getur borist í brjóstamjólk. Áhrif aflibercepts á nýbura/ungbörn sem eru á brjósti eru ekki þekkt. Ekki er ráðlagt að nota Eylea meðan barn er haft á brjósti.

## Hvernig get ég undirbúið mig fyrir gjöf Eylea?

Læknirinn gæti beðið þig að nota augndropa í nokkra daga áður en þú kemur til hans. Eftir meðferðina getur sjón þín verið óskýr, svo þú skalt ekki aka heim. Fáðu vin eða fjölskyldumeðlim til að koma þér til læknisins eða gerðu aðrar ráðstafanir til að komast þangað og aftur heim. Ekki nota andlitsfarða daginn sem þú kemur til læknisins.

## Við hverju má ég búast eftir að ég fæ Eylea?

Læknirinn gæti mælt hjá þér sjónina eftir inndælinguna, þar á meðal með loftblæstri sem mælir augnþrýsting. Sjón þín verður óskýr fyrst eftir inndælinguna, svo þú skalt ekki ráðgera að aka bíl fyrr en hún er orðin eðlileg á ný.

Á næstu dögum gæti augað orðið blóðhlaupið og þú gætir séð bletti á hreyfingu í sjónsviðinu. Þetta ætti að lagast á nokkrum dögum, en ef það gerist ekki eða ef þetta ágerist, skaltu hafa samband við lækninn.

Sumir gætu fundið fyrir lítilsháttar verk eða óþægindum í auganu eftir inndælinguna. Ef það lagast ekki eða ágerist, skaltu hafa samband við lækninn.

## Einkenni aukaverkana og hvenær skal tafarlaust hafa samband við lækni

Eins og önnur lyf, bæði þau sem ávísað er með lyfseðli og þau sem keypt eru án lyfseðils, getur Eylea valdið aukaverkunum. Ekki munu þó allir sem fá Eylea finna fyrir aukaverkunum. Hugsanlegar aukaverkanir Eylea eru þær sömu, hvort sem gefinn er 2 mg eða 8 mg skammtur.

Hafið tafarlaust samband við lækninn ef vart verður við einhver þeirra ummerkja eða einkenna sem talin eru upp í töflunni hér fyrir neðan, þar sem þau geta verið merki um alvarlega fylgikvilla meðferðarinnar:

<b>Kvilli</b>	<b>Sum hugsanleg ummerki eða einkenni</b>
<b>Sýking eða bólga inni í auganu</b>	Verkur eða vaxandi óþægindi í auga Versnandi augnroði Ljósæmi Þroti í augnloki Sjónbreytingar, svo sem skyndileg sjónskerðing eða þokusýn
<b>Ský á augasteini (drer)</b>	Þokusýn Skuggar í sjónsviði Daufari línur og form Breytt litasjón (t.d. daufari litir)



<b>Aukinn þrýstingur í auganu</b>	Ljósbaugar kringum ljós Augnverkur Augnroði Ógleði eða uppköst Sjónbreytingar
<b>Rof í ytra lagi sjónhimnu eða losun þess frá yfirborði augans</b>	Skyndilegir ljósblossar Skyndileg myndun eða aukning augngruggs Lokun á hluta sjónsviðs Sjónbreytingar

Ofnæmisviðbrögð geta komið fram. Þau geta í sumum tilfellum verið alvarleg og nauðsynlegt getur verið að hafa tafarlaust samband við lækninn. Klínísk einkenni ofnæmis geta verið t.d. augnverkur, ljósfælni eða roði.

Ítarleg upptalning aukaverkana er í fylgiseðlinum með Eylea. Fylgiseðilinn má nálgast með því að skanna QR-kóðann framan á bæklingnum eða spyrja lækninn og hann er einnig finna á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

## Hvað á að gera ef áhyggjur eða spurningar vakna?

Ef áhyggjur eða spurningar vakna er best að ræða við lækinn eða hjúkrunarfræðing. Þau hafa reynslu og þekkingu aðstæður þínar, svo þau geta veitt þau svör sem þú þarfnast.





Umboðsaðili á Íslandi:

Icepharma hf

Lyngháls 13

110 Reykjavík

Sími: 5408000